

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík
nr. 293 2. júlí 1985.

1. gr.

13. gr. orðist þannig:

Ef leyfishafi rekur bifreið, sem hann á ekki sjálfur hefur hann fyrirgert atvinnuleyfi sínu. Þó er honum heimil slík útgerð um takmarkaðan tíma ef hans eigin bifreið er í viðgerð eða hann er að bíða eftir afhendingu annarrar bifreiðar, þó ekki lengur en í 6 mánuði.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. 1. mgr. og 1. mgr. þessarar greinar er leyfishöfum heimilt að nota við leiguakstur bifreiðar, sem þeir hafa umráð yfir samkvæmt fjármögnunar- eða kaupleigusamningum við viðurkennd fjármálafyrirtæki. Gjaldþrotamönnum er slíkt þó ekki heimilt.

2. gr.

14. gr. orðist þannig:

Leyfishafa, sem missir tilskilin réttindi til aksturs allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga gegn gjaldtöku, er heimilt að láta annan mann annast störf sín meðan réttindamissir varir, þó ekki lengur en í eitt ár í hverju tilviki. Noti hann sér ekki þessa heimild leggst leyfi hans inn meðan á réttindamissinum stendur og fær leyfishafi atvinnuleyfi aftur jafnskjótt og hann öðlast ökuréttindi sín að nýju.

Ef atvinnuleyfishafi er sannanlega ófær um að stunda akstur leigubifreiðar af heilsufars-ástæðum, en þó fær um að stunda aðra vinnu, er honum heimilt að gera út bifreið sína, þó ekki lengur en í eitt ár, ef hann ræður sig til annarra starfa. Umsókn um slíka undanþágu skal studd með vottorði viðurkennds sérfræðings (læknis) í viðkomandi sjúkdómi.

Brjóti leyfishafi eitthvað það af sér að dómi bifreiðastöðvarstjóra, að beri að synja honum um afgreiðslu um stundarsakir, er viðkomandi bifreiðastöðvarstjóra heimilt að synja um afgreiðslu í allt að 5 sólarhringa í fyrsta skipti, en allt að 10 sólarhringa í annað skipti. Skulu slíkar synjanir og tilefni þeirra skráðar hjá viðkomandi bifreiðastöð og tilkynntar umsjónarnefnd jafnóðum.

3. gr.

C liður 15. gr. orðist þannig:

Purfi leyfishafi á endurhæfingu að halda að undangengnum veikindum skal honum sjálfum heimilt að aka að hluta til og getur hann þá valið um tvo kosti. Annars vegar að aka aðeins sem svarar 4 klst. á sólarhring, en hafa að öðru leyti ökumann, sem ekki hefur atvinnuleyfi. Hins vegar að aka aðeins sem svarar 8 klst. á sólarhring mánudaga til föstudaga á tímabilinu frá kl. 08:00 til kl. 17:00 en hafa ökumann, sem heimilt er að aka á tímabilinu frá kl. 20:00 á föstudagskvöldi til kl. 08:00 á sunnudagsmorgni hverja helgi.

Undanþágubeiðni samkvæmt þessum lið skal studd vottorði læknis.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36, 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 6. maí 1987.

Matthías Bjarnason.

Sigurður Skúli Bergsson.